



Íslensk Vatnsorka hf.  
Hagavatnsvirkjun ehf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

## Minnisblað

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141

#### Hagavatnsvirkjun

Íslensk Vatnsorka hf. hefur fyrir hönd Hagavatnsvirkjunar ehf. verið beðin um að veita umsögn um ofanefnda þingsályktunartillögu.

Ekki er gerð athugasemd við meðferð verkefnisins um Hvammsvirkjun í þingsályktunartillögunni.

Hins vegar eru gerðar athugasemdir við það sem fram kemur í þingsályktunartillögunni um verkefnið um Hagavatnsvirkjun og meðferð Verkefnisstjórnarinnar á því verkefni. Í þingsályktunartillögunni kemur fram að óvissa ríki um áhrif virkjunarinnar á ferðamennsku, og sandfok auk óvissu um tengingu virkjunarinnar við flutningskerfið. Þetta er ekki rétt.

- Fyrir liggur 80 blaðsíðna greining á áhrifum verkefnisins á ferðamennsku auk mjög jákvæðrar umsagnar ferðamálafulltrúa Bláskógarbyggðar um verkefnið.
- Umfangsmikil skýrsla Landgræðslu ríkisins sýnir að verkefnið mun hafa mjög jákvæð áhrif á sandfok og auka gróðurþekju svæðisins.
- Fyrir liggja greinargerðir Landsnets og verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar um tengingu við rafdreifikerfið. Greinargerð VIJ sýnir að jarðstrengur niður í Haukadal og tenging þaðan til gróðurhúsabænda á Flúðum sem væntanlegra orkukaupanda er engum vandkvæðum bundin.

Öll gögn liggja fyrir til að taka afstöðu til verkefnisins. Í tveimur umsagnarferlum um rammaáætlun þar sem fram komu rúmlega 400 umsagnir var engin neikvæð umsögn um verkefnið við Hagavatn.

Í kjölfar hugmynda Landgræðslu ríkisins um að hefta sandfok og gróðureyðingu við Hagavatn sunnan Langjökuls óskaði Orkuveita Reykjavíkur eftir rannsóknarleyfi til athugana á virkjunarvalkosti við Hagavatn. Rannsóknarleyfi var síðan úthlutað þann 1. apríl 2007 og hófust þá umfangsmiklar rannsóknir á svæðinu, sem ná m.a. til útfærslu virkjunarhugmynda, mati á helstu umhverfisáhrifum, arðsemi og flestum þeim þáttum sem tengjast slíkri framkvæmd.

Íslensk Vatnsorka hf. stendur nú að verkefninu um Hagavatnsvirkjun í gegnum dótturfélag sitt Hagavatnsvirkjun ehf. þar sem félagið fer með verkefnisstjórn verkefnisins, hefur gert samkomulag við landeigendur og unnið að undirbúningi verkefnisins með verkfræðistofum.

Umhverfisáhrif virkjunar við Hagavatn sunnan Langjökuls mótast af því að stíflað verði skarð sem myndaðist í jökulgarðinn fyrir um 80 árum, en þannig endurheimt uppistöðulón sem yrði á sama stað og stöðuvatn sem þar var áður af náttúrunnar hendi. Þannig má segja að fyrri stærð Hagavatns verði endurheimt með framkvæmdinni. Verulegt fok sands og fínefna gætir úr þurru botni Hagavatns hins forna bæði í nágrennabyggðum og yfir höfuðborgarsvæðið. Áætlanir sýna að sandfok af svæðinu myndi minnka verulega við þessa framkvæmd og hefur Landgræðsla ríkisins ásamt landeigendum og sveitarfélaginu Bláskógarbyggð sýnt þessum áformum mikinn áhuga. Reynslan hefur sýnt að við sambærilega framkvæmd við Sandvatn hefur gróðureyðing minnkað verulega og fok minnkað.

Virkjunin hefur nú verið útfærð á mun umhverfisvænni hátt, m.a. með stöðugu vatnsborði án dægursveiflna.

Fyrir liggja m.a. umsagnir og úttektir eftirtalinna aðila. Segir þar meðal annars:

**Sveitarfélagið Bláskógarbyggð:** ....*“Sveitarstjórn Bláskógarbyggðar fer þess eindregið á leit við iðnaðarráðuneytið og frummælendur fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að Hagavatnsvirkjun verði færð til um flokk, þ.e. úr biðflokki í orkuvinnsluflokk.”*

**Landgræðsla ríkisins:** *„....., en ef fyrirhugað lón fyrir rennslisvirkjun yrði myndað, myndi það tvímælalaust draga úr sandfoki á austurhluta svæðisins sunnan Langjökuls.“*

**Ferðamálafulltrúi Árnassýslu:** *...“Markmiðið er að nýta fallorkuna á umhverfisvænan hátt, en jafnframt mun vrikjunin koma í veg fyrir gífurlegt sandfok sem er á svæðinu og opna nýja og spennandi möguleika í ferðaþjónustu. Okkur lýst afar vel á hugmyndirnar og vonumst til að verkefnið verði að veruleika í náinni framtíð.“*

**Landeigendur Úthlíðartorfu:** *...“Landeigendur leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði áibúa á áhrifasvæði uppfoksins. .... Landeigendur Úthlíðartorfu fara þess eindregið á leit við iðnaðarráðuneytið og*

*frummælendur fyrirleggjandi þingsályktunartillögu að Hagavatnsvirkjun verði færð til um flokk, þ.e. úr biðflokki í orkuvinnsluflokk.“*


Íslensk Vatnsorka hefur rætt við nokkra áhugasama aðila um orkusölu, en vegna nálægðar við gróðurhúsabændur á Flúðum er mögulegt að ákveðinn hluti orkunnar fari þangað.

Tenging við dreifikerfið hefur verið undirbúin en tveir valkostir hafa farið í nánari skoðun, þ.e. annars vegar jarðstrengur niður á tengipunkt Rarik í Haukadal og hins vegar lengri tenging niður á Flúðir. Báðir valkostir eru fýsilegir fyrir verkefnið. Er lagt upp með að leggja tenginguna til Flúða.

Það er mat okkar að nýjar upplýsingar um ferðamál, raflínur og jákvæð áhrif á jarðvegsfok svári þeim spurningum sem í upphafi voru um virkjanakostinn í Rammaáætlun og eigi hann því að vera í nýtingarflokki.

Fjármögnun verkefnisins hefur verið undirbúin og er heildarumfang framkvæmdanna af stærðargráðunni 5 milljarðar króna sem skapa mun störf fyrir um 300 manns á framkvæmdatíma.

4. nóvember 2014



Íslensk Vatnsorka hf.

Hagavatnsvirkjun ehf.

Eiríkur Bragason, verkfræðingur, framkvæmdastjóri